



▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Í kafla 4.8 í samantekt á eiginleikum lyfsins eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

UPPLÝSINGAKORT FYRIR KONUR

MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR UM DROVELIS OG HÆTTU Á BLÓÐTÖPPUM

Allar samsettar getnaðarvarnir eins og Drovelis auka hættuna á blóðtappa. Heildaráhættan á blóðtappa vegna notkunar Drovelis er lítil en blóðtappar geta verið alvarlegir og geta örsjaldan reynst banvænir.

Það er mjög mikilvægt að þú vitir hvenær þú gætir verið í meiri hættu á blóðtappa, hvaða einkenna þú þarft að gæta að og til hvaða aðgerða þú þarft að grípa.

Hvenær er hættan á myndun blóðtappa mest?

- fyrsta árið sem Drovelis er notað (einnig eftir að lyfið hefur ekki verið notað í 4 vikur eða lengur)
- ef þú ert í mikilli yfirþyngd
- ef þú ert eldri en 35 ára
- ef einhver í þinni fjölskyldu hefur fengið blóðtappa snemma á ævinni (t.d. yngri en 50 ára)
- ef þú fæddir barn á síðustu vikum

Ef þú reykir og ert eldri en 35 ára er þér eindregið ráðlagt að hætta að reykja eða nota getnaðarvörn sem byggist ekki á hormónum.

Leitaðu til læknis strax ef þú verður vör við eftirfarandi einkenni:

- Verulegur verkur eða þroti í öðrum hvorum fótlegg sem geta fylgt eymsli, hitatilfinning eða breyting á húðlit svo sem fölvi, roði eða blámi. Þetta gæti stafað af **segamyndun í djúpum bláæðum**.
- Skyndileg óútskýrð andnaud eða hraður andardráttur; nístandi brjóstverkur sem gæti aukist við djúpa öndun; skyndilegur hósti án augljósrar ástæðu (sem blóð gæti fylgt); Þetta gæti stafað af alvarlegum fylgikvilla segamyndunar í djúpum bláæðum sem kallast **lungnasegarek**. Þetta gerist ef blóðtappinn ferðast frá fótleggnum upp í lungun.
- Brjóstverkur, oft bráður, en stundum aðeins ónotatilfinning, þrýstingur, þyngsli, óþægindi í efri hluta líkama sem leiða út í bak, kjálka, háls, handlegg ásamt mettunartilfinningu og meltingarónotum eða köfnunartilfinningu, aukinni svitamyndun, ógleði, uppköstum eða sundli. Þetta gæti stafað af **hjartaáfalli**.
- Máttleysi eða doði í andliti, handlegg eða fótlegg, sérstaklega á annarri hlið líkamans; vandkvæði við tal eða skilning; skyndileg ringlun; skyndilegt sjóntap eða þokusýn; verulegur höfuðverkur/mígreni sem er verra en vanalega. Þetta gæti stafað af **heilablóðfalli**.

Hafðu aðgát með einkennum blóðtappa, sérstaklega ef þú hefur:

- nýlega farið í aðgerð
- verið rúmliggjandi í lengri tíma (t.d. vegna meiðsla eða veikinda eða ef fótleggurinn er í gífsi)
- nýlega komið úr löngu ferðalagi (meira en 4 klukkustundir)

Mikilvægt er að muna að láta lækninn, hjúkrunarfræðing eða skurðlækni vita að þú sért að taka Drovelis ef:

- skurðaðgerð er fyrirhuguð eða nýlega lokið
- heilbrigðisstarfsmaður spyr þig hvort þú takir einhver lyf



▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Í kafla 4.8 í samantekt á eiginleikum lyfsins eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

Nánari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi fylgiseðli eða á www.serlyfjaskra.is.

Ef þig grunar að þú finnir fyrir aukaverkunum sem tengjast notkun samsettra hormónagetnaðarvarna geturðu tilkynnt það til heilbrigðisstarfsmanns eða á www.lyfjastofnun.is.